

Konur slasast

Stúlka um tvítugt brenndist á hendi þegar yfir hana helltist heitt vatn í íbúð í Breiðholti í hádeginu í gær. Hún var flutt á slysadeild þar sem gert var að sárum hennar. Um kaffileytið datt ung skautadrottning sem var á æfingu í Laugardal og fékk hún skurð á hökuna en henni var sömuleiðis komið undir læknishendur. Og í nótt var kona á miðjum aldri flutt á slysadeild eftir að hafa dottið illa í heimahúsi í Breiðholti en óttast var að hún hefði farið úr axlarlið.